



Gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa af lögbýlum í Borgarbyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu dýraleifa skv 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr 898/2022. Í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 m.s.br. ber sveitarfélögum að taka við þeim úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu og færa hann til viðeigandi meðhöndlunar.

2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Búnaðarstofu og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda með reglubundnum hætti og komið í viðeigandi meðhöndlun.

3. gr.

Gjald fyrir söfnun og förgun dýraleifa í Borgarbyggð verður sem hér segir á árinu 2025:

Grunngjald kr. 37.336 á öll lögbýli þar sem haldnar eru skepnur.

Því til viðbótar leggst gjald á hvern grip:

Sauðfé 171 kr.

Nautgripir 556 kr.

Hross 551 kr.

Hænsn 3 kr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar Borgarbyggðar 12. desember 2024 er samin með heimild í 23. grein laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá sama efnis nr 1645/2023.

Borgarnesi 13. desember 2024.

Stefán Broddi Guðjónsson
sveitarstjóri